

Fundargerð
362. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 12. desember 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Fyrirmyndastjórnandi ársins 2018
4. Ímynd sjúkraliða, myndband
5. Samningur við Ap Media, uppfærsla á heimasíðu og á „mínum síðum“
6. Bókun 8 – næstu skref
7. Orlofsmál
8. Trúnaðarmenn , umbun afhent á fundi í febrúar 2019
9. Lögfræðileg málefni
 - Hýrudráttardómurinn
 - Mál í vinnslu
 - Launaskriðstrygging

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á síðasta fund framkvæmdastjórnar á þessu ári.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Fyrirmyndarstjórnandi ársins 2018

SBF gerði grein fyrir að 3 ábendingar hafi borist um stjórnanda ársins. Farið var yfir öll gögn og ákveðið að heiðra stjórnandann á Eiri öldrunarheimili á Ísafirði og á Bergi Bolungarvík.

SBF og GÖG fóru vestur þ.s. fram fór viðurkenningarhátíð þ.s. fjöldi samstarfsmanna og yfirmenn mættu. Gerð verður grein fyrir heiðruninni í desemberblaði félagsins.

4. Átaksverkefni – ímynd sjúkraliða - myndband

SBF gerði grein fyrir að búið væri að vinna eitt myndband þ.s. sjúkraliðastarfið er kynnt. Ljósmyndari verður á ferðinni í desember um landið við myndatöku á 10 til 12 sjúkraliðum sem búið er að fá til að vera með í verkefninu. Umræða var um að senda beiðni til Mennta- og menningamálaráðuneytisins og Heilbrigðisráðuneytisins um stuðning við verkefnið og verður það gert þegar verkefninu framvindur.

5. Samningur við Ap Media, uppfærsla heimasíðu og á „mínum síðum“

SBF fór yfir að búið sé að ganga frá samningnum við eigendur Ap Media um uppfærslu á heimasíðu félagsins, gagnabankans um símenntun félagsmanna og „mínar síður“ þ.s. aðgengi sjúkraliða af upplýsingum um stöðu þeirra verður klárað.

6. Bókun 8, næstu skref

SBF fór yfir að enn væri unnið að því að ná sameiginlegri niðurstöðu aðila að bókun 8. Illa hefur gengið að ná saman um með hvaða fyrirkomulagi „Fræðslusetrið“ verði starfrækt og fulltrúar fjármálaráðuneytisins vilja breyta ákveðnum atriðum varðandi Starfsþróunarsjóð félagsins, sem er algjörlega óásættanlegt. Áfram verður unnið með málið.

7. Heilbrigðisstefna til ársins 2030

Umræða var um að SLFÍ gefi umsögn um heilbrigðisstefnuna. Stefnt er að vinnslu umsagnarinnar í þessari viku.

8. Stuðningur við málefni um þessi jól

Rætt var um hvaða verkefni eigi að styðja. Ákveðið að styðja Bjarkarhlíð um svipaða upphæð og í fyrra.

9. Orlofsmál

GÖG fór yfir að íbúðin í Jaðarleiti er að mestu leyti klár og fer í útleigu mánudaginn 17. desember. Verið er að leggja lokahönd á alla uppsetningu og fíniseringu. Stjórn orlofssjóðs mun funda í næstu viku þ.s. farið verður yfir helstu áherslur/framkvæmdir á komandi orlofsári.

10. Trúnaðarmenn, umbun afhent á fundi trúnaðarmannaráðs í febrúar 2019

SBF lagði til að á fundi trúnaðarmanna í febrúar 2019 verði umbunin/kostnaðurinn til trúnaðarmanna greiddur þeim sem mæta á fundinn. Rætt var um að þetta yrði tilkynnt með góðum fyrirvara og ef einhverjir væru með „löglega“ boðuð forföll þá fengju þeir einnig greitt. Allir sammála þessu fyrirkomulagi og í framtíðinni yrði þetta greitt þeim sem mæta á trúnaðarmannráðsfundi að hausti.

11. Lögfræðileg málefni

GÖG og SBF gerðu grein fyrir þeim málum sem eru í vinnslu hjá lögmanni félagsins. Fundur var 6. desember með fulltrúa SFR og lögmanninum þ.s. ákveðið var að lögmaður félaganna sendi bréf á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þ.s. farið er fram á að hýrudrátturinn verði leiðréttur/greiddur.

Stefna fyrir Félagsdóm vegna verkfallslista LSH á síðasta ári átti að vera klár í síðustu viku, en það hefur eitthvað dregist.

Fyrirtaka hefur farið fram í Félagsdómi vegna launaskriðstryggingarkröfu SLFÍ.

Ríkislögmaður lagði fram frávísunarkröfu í málinu, sem byggir á að málið eigi ekki undir Félagsdóm. Lögsaga, bæði samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og

vinnudeilur, og lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, tekur til þess að dæma um skilning á kjarasamningi. Spurningin er því hvort umrætt rammasamkomulag teljist vera kjarasamningur. Kjarasamningur er skilgreindur í riti Láru V. Júlíusdóttur um stéttarfélög og vinnudeilur: „Kjarasamningur er skriflegur samningur sem gerður er milli stéttarfélags annars vegar og atvinnurekanda, félags atvinnurekanda eða sambands atvinnurekanda hins vegar um kaup og kjör og nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssvæði stéttarfélagsins.“ Aðaleinkenni kjarasamnings er að hann er það sem nefnt er „kollektivur“. GGH og EHB telja að „Rammasamkomulagið“ sem er undir sé dæmigerður svona samningur, þ.e. stéttarfélögin og samtök þeirra eru að semja um kaup og kjör allra félagsmanna sinna. Þó svo að í heiti samkomulagsins komi orðin „um almenna stefnumótun og markmiðssetningu í kjaramálum“, þá er í samkomulaginu kveðið með nægilega skýrum hætti á um tilgreind réttindi til þess að það teljist vera samningur (sem unnt er að krefjast efnda á) en ekki e.k. stefnuyfirlýsing. Þá telja þeir þennan samning hafa einkenni kjarasamnings, þar sem hann fjallar um kaup og kjör launamanna.

Önnur mál

- SBF ræddi fundarhlé um hátíðarnar og ákveðið að næsti fundur framkvæmdastjórnar verði ekki fyrir en 24. janúar 2019 þ.s. stjórnarmenn verða erlendis í byrjun janúar.
- SBF afhenti jólagjafir til stjórnar.

Fundi slitið kl. 16.45